

Handbók um umferðarmerki

Vegvísar og þjónustumerki Flokkur 700

Útgefandi Vegagerðin

Mars 2025



Efnisyfirlit

Yfirlit yfir merki vegvísa og þjónustumerkja.....	3
Vegvísar	3
Þjónustumerki.....	6
Vegvísar	8
Reglugerð um umferðarmerki:	8
Vinnureglur um notkun:	8
Markmið vegvísunar og forgangsroðun.	8
Almennt um vísun á þjónustu við veg.	9
Almennar reglur um liti:	9
Flokkar vegvísa	11
Flokkur A-F.....	11
Flokkur A: Mynd	13
Flokkur B: Mynd	14
Flokkur C: Mynd	15
Flokkur D: Mynd	16
Flokkur E: Mynd	17
Flokkur F: Mynd.....	18
Flokkur G: Mynd	18
Flokkur H: Mynd	19
Málsetning vegvísa	20
Uppsetning staðarvísa (714)	22
Uppsetning vegvísa (713)	22
Uppsetning á töflum	23
Vegnúmerakerfið	24
Reglur um vegvísun	25
Vegvísir og töfluvegvisir	25
Töfluleiðamerki og fjarlægðarmerki.....	25
Gerðir vegvísa	27
701 Töfluleiðamerki	27
703 Staðarleiðatafla	28
707 Akreinalleiðatafla.....	30
709 Töfluleiðavísir	31
711 Töfluvegvisir	31
712 Töfluvegvisir fyrir hringtorg.....	33
713 Vegvísir	34
714 Staðarvísir	36
715 Fráreinaðavísir	37
717 Staðarleiðarvísir	38
723 Vegnúmer og tákn	39
723.00 Ónúmeraður vegur	39
723.13 Vegnúmer	39
723.14 Vegnúmer, leið að vegi	40
723.41 Ferðamannastaður með Vörðu	40

723.42 Staður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna	41
723.51 Eyðibýli	41
723.61 Jarðgöng	41
725 Fjarlægðartafla	42
727 Sveitarfélagsmerki	44
728 Staðartafla	45
728.6 Þjóðgarður eða friðland endar	45
729.1 Götunafn eða vegarheiti	46
729.2 Staðarmerki	46
729.3 Húsnúmer	46
751 Vegvísir fyrir hjólréiðastíga	46
753 Töfluvegvísir fyrir hjólréiðastíga	47
755 Leiðamerki fyrir hjólastíga	47
Þjónustumerki	48
Reglugerð um umferðarmerki:	48
Reglur um uppsetningu þjónustumerkja	48
Málsetning og götun:	49
Málsetning þjónustumerkja	49
Málsetning þjónustumerkinga á vegvísunum	50
Götun þjónustumerkinga	51
Gerðir þjónustumerkja	52
760 Þjónustumerki neyðarþjónustu	52
762 Þjónustumerki umferðar og samgangna	53
764 Þjónustumerki fyrir upplýsingar og áhugaverða staði	55
766 Þjónustumerki gistipjónustu	56
768 Þjónustumerki annarrar þjónustu	57

Yfirlit yfir merki vegvísar og þjónustumerkja

Vegvísar



701.1
Töfluleiðamerki



701.2
Töfluleiðamerki




701.3
Töfluleiðamerki




701.4
Töfluleiðamerki




703.1
Staðarleiðatafla



703.2
Staðarleiðatafla



703.3
Staðarleiðatafla



707
Akreinaleiðatafla



709
Töfluleiðavísir



711.1
Töfluvegvísir

1 Höfn 244 96 Breiðdalsvík 83 931 Hallormsstaður 26 1 Akureyri 273 85 Þórshöfn 165 711.2 Töfluvegvísir	Árbæjarsafn → 711.3 Töfluvegvísir 36 Þingvellir → 711.4 Töfluvegvísir		
1 Reykjavík 11 41 Hafnarfj. N ↻ Setberg ↻ 41 ✈ Keflavík 37 Hafnarfj. S ↻ 712.1 Töfluvegvísir fyrir hringtorg	Nesjahverfi ↻ 1 Egilsstaðir Akureyri ↻ Síðuhverfi ↻ 712.2 Töfluvegvísir fyrir hringtorg		
1 Mosfellsbær 7 713.1 Vegvísir	1 → 713.1 Vegvísir		
51 Akranes 14 713.2 Vegvísir	Árbæjarsafn → 713.3 Vegvísir		
Geysir 14 713.4 Vegvísir	711 Vatnsnes 713.5 Vegvísir		
Vetrarvegur 713.6 Vegvísir	Grund → 714.2 Staðarvísir		
Árbæjarsafn → 714.3 Staðarvísir	Vatnshellir 14 714.4 Staðarvísir		
Helgaskáli 714.5 Staðarvísir	1 Mosfellsbær ↗ 715.1 Fráreinavísir		
1 Mosfellsbær ↗ 715.2 Fráreinavísir	Hvammur 1 ↗ 717 Staðarleiðarvísir		
723.00 Ónúmeraður vegur	1 723.13 Vegnúmer	1 723.13 Vegnúmer	1 723.14 Vegnúmer, leið að vegi

 723.41 Ferðamannastaður með Vörðu	 723.42 Staður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna	 723.51 Eyðibýli	 723.61 Jarðgöng
 725.1 Fjarlægðartafla	 725.2 Fjarlægðartafla		
 727.1 Sveitarfélagsmerki	 727.2 Sveitarfélagsmerki	 728.31 Staðartafla	 728.32 Staðartafla
 728.41 Staðartafla	 728.42 Staðartafla	 728.6 Þjóðgarður eða friðland endar	 728.6 Þjóðgarður eða friðland endar
 729.1 Götunafn eða vegarheiti	 729.2 Staðarmerki	 729.3 Húsnúmer	 751 Vegvísir fyrir hjólastíga
 753 Töfluvegvisir fyrir hjólastíga	 755 Leiðamerki fyrir hjólastíga		

Þjónustumerki.

760.1
Slysa hjálp



760.2
Heilsugæsla



760.3
Lyfjaverslun



760.4
Lögregla



760.5
Neyðarsími eða talstöð



760.6
Slökkvitæki



760.7
Neyðarskýli



762.1
Miðbær



762.2
Útvarp



762.3
Bifreiðaverkstæði



762.4
Bensínstöð



762.5
Rafhleðslustöð



762.6
Flugvöllur



762.7
Bílferja



762.8
Vöruhöfn



762.9
Iðnaðarsvæði



762.10
Losun skólptanka



762.11
Umferðarmiðstöð



764.1
Upplýsingar



764.2
Upplýsingaskrifstofa



764.3
Athyglisverður staður



764.4
Athyglisverður staður
innan húss

			
764.5 Áningarstaður	764.6 Útsýnisstaður	764.7 Gönguleið	
			
766.1 Gisting	766.2 Tjaldstæði	766.3 Hjólhýsasvæði	766.4 Sæluhús
			
766.5 Orlofshúsaðverfi			
			
768.11 Veitingahús	768.12 Veitingastofa	768.13 Kjörbúð	768.21 Almenningssalerni
			
768.31 Sundstaður	768.32 Skíðasvæði	768.33 Golf	768.34 Íþróttasvæði
			
768.35 Íþróttahús	768.41 Kirkja	768.42 Kirkjugarður	768.51 Pósthús

Vegvísar

Reglugerð um umferðarmerki:

Vegvísun er ætlað að leiðbeina öikumanni um leiðarval. Þjónustumerki eru ein tegund vegvísar og er ætlað að upplýsa vegfarenda um þjónustu.

Litur vegvísar, þ. á m. texta og tákna á vegvísun, tekur breytingum í samræmi við tegund, staðsetningu og vísun vegvísar.

Svartur texti á gulum grunni með svörtum jaðri er notaður við almenna vegvísun á vegvísun utan höfuðborgarsvæðisins. Vegnúmer eru á hvítum bakgrunni. 

Blár texti á hvítum fleti með bláum jaðri er notaður við almenna vegvísun á vegvísun innan höfuðborgarsvæðisins. Vegnúmer eru á gulum bakgrunni. 

Rauður texti á hvítum fleti með rauðum jaðri er notaður við vísun á opinberar byggingar og áhugaverða staði. Vegnúmer eru á gulum bakgrunni. 

Hvítur texti á brúnum fleti með hvítum jaðri er notaður við vísun á ferðamannastaði sem uppfylla viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur. Vegnúmer eru á hvítum bakgrunni. Vörður eru merkisstaðir á Íslandi sem teljast einstakir á lands- og/eða heimsvísu. Meginaðdráttarafi þeirra eru náttúrufyrirbæri og/eða menningarsögulegar minjar sem mynda sérstætt landslag eða landslagsheildir. 

Svartur texti á appelsínugulum fleti með svörtum jaðri er notaður við tímabundna vísun á leið eða stað s.s. vegna framkvæmda eða viðburða. Vegnúmer eru á hvítum bakgrunni. Til aðgreiningar eru slíkir vegvísar táknaðir 7xxF. 

Vinnureglur um notkun:

Markmið vegvísunar og forgangsroðun.

Vegvísun er ætlað að leiðbeina öikumönnum um leiðarval.

Áfangastaður sem einu sinni hefur verið sýndur á merki verður að vera á öllum síðari skiltum þeirrar gerðar á vegleiðinni þar til áfangastaðnum er náð. Það er þó háð forgangsroðun og takmörkun á hámarksfjölda áfangastaðavísunar þ.e. almennt ekki fleiri en fjögur landfræðileg nöfn, áfangastaðanöfn eða önnur nöfn á pílu- eða töfluvegvísun.

Á einum vegamótum má ekki vísa til sama áfangastaðar í tvær áttir, nema sjá megi á vegvísuninni að áttirnar tvær höfði til mismunandi vegfarenda.

Vísa skal á öruggustu leið til áfangastaðar þótt skemmri leið sé til. Þannig skal ekki vísa á áfangastað sem liggur handan heiðar sem einungis er fær að sumarlagi ef önnur öruggari og greiðfærari leið er til s.s. leið sem fær reglubundna vetrarþjónustu. Almennt er vísað á slíka fjall- eða heiðarvegi með heiti heiðarinnar eða leiðarinnar. Við sérstakar aðstæður er heimilt að setja upp árstíðabundnar merkingar meðan færð telst örugg.

Vegvísun til áfangastaða skal forgangsraða, fyrst eftir umferðar- og öryggissjónarmiðum og síðan viðskiptasjónarmiðum. Forgangsroðunin skal vera í eftirfarandi röð; vegvísun á örnefni eða staðfang, vegvísun að samgöngumiðstöð og síðan vegvísun fyrir þjónustu viðskiptalegs eðlis.

Veghaldari ákvarðar um val á áfangastöðum vegvísunar. Á þjóðvegum með vegnúmerum má (á vegvísun) einungis vísa á örnefni eða staðföng og samgöngumiðstöðvar samanber skipulag vegvísunar. Önnur notkun verður að vera samþykkt af veghaldara og réttlætunleg vegna umferðar.

Við tímabundna vísun á leið eða stað s.s. vegna framkvæmda eða viðburða er heimilt að nota vegvísa með svörtum texta á appelsínugulum fleti með svörtum jaðri. Ef notað er vegnúmer er það á hvítum bakgrunni. Til aðgreiningar eru slíkir vegvísar táknaðir 7xxF.

Almennt um vísun á þjónustu við veg.

Vegvísun á þjónustu er í meginatriðum tvenns konar:

Vegvísun á samgöngumiðstöðvar sem þörf er fyrir vegna umferðar, þ.e. vísun sem uppfyllir þörf vegfarenda við leiðarval að samgöngumiðstöðvum.

Vegvísun á þjónustu viðskiptalegs eðlis þ.m.t. vísun á athyglisverðan stað, opinbera byggingu, menningarstað, þjónustuaðila og þess háttar í þéttbýli og dreifbýli.

Veghaldari ákvarðar um vegvísun á þjónustu.

Mat veghaldara skal fela í sér val og forgangs röðun þjónustuvegvísunar (áfangastaða þjónustu) fyrir sérhver vegamót. Forgangsröðunin er óháð fjölda vegvísunarstaða (pósta). Veghaldari getur hafnað þjónustuvegvísun viðskiptalegs eðlis ef sérstakar kringumstæður eru andstæðar slíkri þjónustuvegvísun.

Umferðaröryggi verður að meta sérstaklega fyrir sérhver vegamót þegar óskað er eftir viðbótar þjónustuvísun og fyrir eru fleiri en fjögur örnefni eða staðföng, áfangastaðanöfn og viðskiptaleg nöfn á vegvísunum.

Öll vísun á þjónustu skal vera útfærð með þjónustutáknum (760 – 768), sbr. þó heimildir í einstökum ákvæðum um vegvísa og leiðatöflur.

Þjónustumerki neyðarþjónustu, umferðar og samgangna sem og þjónustumerki annarrar nauðsynlegrar þjónustu með almannagildi má setja upp sem sjálfstæð merki með leyfi veghaldara þar sem sérstök ástæða er til þess.

Óheimilt er að nota önnur tákn en þau þjónustutákn sem Vegagerðin hefur samþykkt fyrir viðskiptalegan tilgang.

Óheimilt er að nota kennimerki fyrirtækis.

Annað: Öll 700 merki eiga að vera með álfamma eða í Vd-panel. Þó eiga merki 729.3 Húsnúmer **32-40** og merki 723.00, 723.13 og 723.14 Vegnúmer **51** ekki að vera í ramma.

Örvar á vegvísunum eiga að vera þeim megin á skilti sem örin vísar til.

Almennar reglur um liti:

Höfuðborgarsvæði:

Vegvísar á höfuðborgarsvæðinu skulu vera hvítir með bláu lettri.

Götuheiti / götunúmer skulu vera hvít með svörtu lettri.

Vegvísar á hjólreiðastígum skulu vera hvítir með grænu lettri.

Utan höfuðborgarsvæðisins:

Vegvísar á vegamótum stofn- eða tengivega með 1-3 tölustöfum í vegnúmeri skulu vera gulir með svörtu lettri.

Heimilt er að nota gulan vegvísi með svörtu lettri á tengivegum með 4 stafa vegnúmeri sem liggja að þéttri byggð.

Vegnúmerinu er þó sleppt á vegvísinum.

Undantekningar frá almennri reglu um liti:

Staðarvísar 714.2 (að tilteknum stað s.s. býli) eru bláir með gulu lettri.

Staðarvísar 714.3 (athyglisverðir staðir) eru hvítir með rauðu lettri.

Staðarvísar 714.4 (áfangastaður ferðamanna) eru brúnir með hvítu lettri.

Nota ætti rauða og hvíta staðarvísa (714.3) í stað hefðbundinna vegvísa að fjölsóttum ferðamannastöðum. Sé um að ræða áfangastað viðurkenndan af ráðuneyti ferðamála um Vörðu ætti að nota brúna og hvíta staðarvísa (714.4).

Almenn regla um uppsetningu vegvísa:



Vegvísar sem standa saman skulu vera jafn langir.



Flokkar vegvísa


Umfang vegvísunar við vegamót á þjóðvegakerfinu er háð umferð og eðli umferðarleiða og eru merkingar flokkaðar í sex flokka samkvæmt eftirfarandi:

Flokkur A-F	Tegund skilta	Skilyrði
A	701 á undan vegamótum 713 eða 711 á vegamótum	Þar sem stofnvegir mætast og um er að ræða: - Leið milli vegamóta sem eru í sitt hvorum landshluta - Leið út frá þéttbýlisfjarstöðum ef þess er þörf (annars fl. B) - Vegamót með ÁDU > 200 þar sem meginhluta umferðar er gegnumumferð
B	701 við aðalveg á undan vegamótum 713 eða 711 á vegamótum	- Vegamót stofnvega við vegi sem bera 1 eða 2 stafa númer með ÁDU > 200 - Vegamót stofnvega við 3 stafa vegi með ÁDU > 200 þar sem megin hluti umferðar á tengivegi fer fram og til baka sömu leið - Tengivegir að þéttbýlisstöðum sem liggja frá 1-2 stafa vegum og eru lengri en 1 km.
C	713 eða 711 á vegamótum	Við önnur vegamót en A og B ef ÁDU > 200
D	713 eða 711 við hliðarveg á vegamótum og 902 á móti hliðarvegi	Þar sem 3 stafa vegur tengist 1 eða 2 stafa vegi
E	713 minni útgáfa	Vegamót 3 stafa vega
F	701	Við vegamót þar sem vísað er á hálendisveg sem ekki er fær öllum bílum
G	703 á undan mislægum vegamótum 701 við frárein allra tenginga	- Vegamót stofnvega við vegi sem bera 1 eða 2 stafa númer með ÁDU > 200 - Vegamót stofnvega við 3 stafa vegi með ÁDU < 200 þar sem megin hluti umferðar á tengivegi fer fram og til baka sömu leið - Tengivegir að þéttbýlisstöðum sem liggja frá 1-2 stafa vegum og eru lengri en 1 km.
H	713 á miðeyjum við útakstur hringtorgs 712 á undan vegamótum	- Vegamót stofnvega við vegi sem bera 1 eða 2 stafa númer með ÁDU > 200 - Vegamót stofnvega við 3 stafa vegi með ÁDU < 200 þar sem megin hluti umferðar á tengivegi fer fram og til baka sömu leið - Tengivegir að þéttbýlisstöðum sem liggja frá 1-2 stafa vegum og eru lengri en 1 km.

 701 Töfluleiðamerki	 711 Töfluvegvísir
 712 Töfluvegvísir fyrir hringtorg	 713 Vegvísir 713.5 Vegvísir við vegamót hálendisvega sem ekki eru færir öllum bílum með upphleyptum stöfum  902 Þverslá
 703.2 Staðarleiðatafla	 703.3 Staðarleiðatafla


Flokkur A: Mynd

Leiðamerki við alla vegi sem liggja að vegamótum og píluvegvísar á sjálfum vegamótunum. Hæð vegvísanna er 33 sm.




Flokkur B: Mynd

Leiðamerki við aðalveg og píluvegvísar á sjálfum vegamótunum. Hæð vegvísanna er 33 sm.



Flokkur C: Mynd


Engin leiðamerki en píluvegvísar á sjálfum vegamótunum. Hæð vegvísanna er 33 sm.




Flokkur D: Mynd

Píluvegvísar og þverslá K20 á móti þverveginum. Hæð vegvísanna er 33 sm.

Útfærsla 1




Útfærsla 2




Flokkur E: Mynd

Píluvegvísar festir á stangir án púða. Hæð vegvísanna er 23,5 sm.

Útfærsla 1




Útfærsla 2




Flokkur F: Mynd

Steyptir vegvísar festir á stöng.




Flokkur G: Mynd

Staðarleiðamerki við aðalveg og töfluleiðamerki á sjálfum vegamótunum. Hæð vegvísanna er að lágmarki 33 sm.



Flokkur H: Mynd

Staðarleiðamerki við aðalveg og píluvegvísar á sjálfum vegamótunum. Hæð vegvísanna er 33 sm.



Málsetning vegvísar

Staðlar:
Hönnun vegvísar skal vera samkvæmt dönskum staðli nema annað sé tilgreint. Danskar reglur má finna á www.vejregler.dk undir efni.

Lengd vegvísar
Lengd vegvísar er alltaf margfeldi heillar tölu og 250 mm. Það þýðir að vegvísar mega t.d. vera 275 sm eða 300 sm að lengd en ekki 280 sm eða 290 sm.

Almennar reglur um stærð og stafastærð vegvísar (713 og 714)
Vegvísar (713.1 og 713.2) eru venjulega 330 mm á hæð. Minni útgáfan (sem er notuð á E-gatnamótum) er 235 mm.
Staðarvísar (rauðir - 713.3 eða 714.3) sem eru stakir eru venjulega 235 mm á hæð. Staðarvísar sem eru notaðir með 713 merkjum er venjulega 330 mm.

Stærð stafa, vegnúmera og lengdartalna er háð hæð skilta með eftirfarandi hætti. Lengdartölur eru ávallt kílómetrar.

Hæð merkis (mm)	Stafastærð (mm)	Leyfilegt frávik stafastærðar(mm)	Vegnúmer Stafastærð (mm)	Lengdartölur stafastærð (mm)	Leyfilegt frávik stafastærðar Lengdartalna (mm)
235*	120	101	101	101	85
330*	143	170	143	120	143

(*Hafa ber í huga að hæð merkja er breytileg í VD panil)

Almennar reglur um stærð og stafastærð fráreinavísar (715)

Fjöldi lína	Hæð (mm)
1 lína	450
2 línur	650
3 línur	900

Stafastærð fráreinavísar er 143 mm. Stafastærð vegnúmera er 120 mm.

Almennar reglur um stærð og stafastærð töfluvegvísar (711) og töfluleiðamerkja (701)

Aðstæður	Hæð 1 línu skiltis (mm)	Hæð 2 línu skiltis (mm)	Hæð 3 línu skiltis (mm)	Stafastærð (mm)	Vegnúmer stafastærð (mm)	Lengdartölur stafastærð (mm)
Þröngar aðstæður, t.d. í þéttbýli	400	550	750	120	101	101
Venjulegar aðstæður	450	650	900	143	120	120
Töfluvegvísar þar sem ekki eru töfluleiðamerki á undan	500	750	1050	170	143	143

Almennar reglur um stærð og stafastærð leiðavísa (709)


Fjöldi lína	Hæð (mm)
1 lína	750
2 línur	1250
3 línur	1500

Stafastærð leiðavísa er 240 mm. Stafastærð vegnúmera er 202 mm.


Almennar reglur um stærð og stafastærð staðarleiðamerkja (703), akreinalleiðamerkja (707) og fjarlægðarmerkja (725)

Hæð merkjanna er alltaf margfeldi heillar tölu og 250 mm. Það þýðir að hæðin má t.d. vera 275 sm eða 300 sm en ekki 280 sm eða 290 sm. Stafastærð er 143 mm.

Stafastærð sýslu- og sveitarfélagsmerkja (F18) er venjulega 143 mm.

Málsetning og götun vegnúmers (723.13)

Uppsetning staðarvísa (714)



Staðarvísar eru staðsettir sömu megin vegar og staðarvegur og í 1-3 m fjarlægð frá veginum. Fjarlægð frá vegbrún: 1-3 m

Æskilegt er að nota 2 stangir þegar staðarvísar eru stórir eða fleiri en 2 á sömu stöng.

Uppsetning vegvísa (713)

Vegbrún

Hæð undir merki: 0,5 m

Tafla um staðsetningu festinga:

Lengd merkis (sm)	a (sm)	b (sm)
150	30	90
175	35	105
200	45	110
225	50	125
250	55	140
275	27	110
300	40	110
325	52	110
350	65	110

Skilti sem eru 275 sm eða lengri eiga að hafa

Fjarlægð frá vegbrún: 3 m
 Fjarlægð frá vegi sem vísað er á ef merkið er staðsett sömu megin og vegur: 4-6 m
 Fjarlægð frá vegi sem vísað er á ef merkið er

staðsett gagnstætt við veg: 5 -15 m

3 festingar.




Uppsetning á töflum

Fjarlægð frá vegbrún: 4-6 m

Fjarlægð frá vegi sem vísað er á:
Sjá afstöðumyndir af merkingum
mismunandi flokka vegamóta í
almennum reglur um vegvísa.

Öll merki (töflur) skulu vera á stoðum
sem eru viðurkenndar til notkunar af
Vegagerðinni. Stoðir skulu gerðar til
þess að gefa eftir við árekstur.

Flái á fyllingu undir merki ætti að vera
jafn vegfláa.



Hæð undir merki: 1 - 1,2 m


Öll töfluleiðamerki eiga að hafa viðurkenndar undirstöður
og festingar. Uppsetning stoða fer eftir stærð þeirra og
fjölda og er reiknað út af Vegagerðinni fyrir hvert merki.

Lengd stoða fer eftir veghönnun og forðast skal að nota
fyllingar undir undirstöðusteina.

Vegnúmerakerfið

Vegnúmerakerfið er byggt upp á eftirfarandi hátt:

Landinu er skipt í 8 númerasvæði, sem eru þau sömu og gömlu kjördæmin með þeirri undantekningu þó að Suðurlandskjördæmi er skipt í tvö svæði.



Númerin eru ferns konar :

1. Vegur með einum tölustaf í númeri, þ.e. Hringvegurinn er nr. 1.
2. Aðalvegir á svæðinu, sem meðal annars tengja saman svæði eru með tvo tölustafi í númeri.
3. Aðrir vegir á svæðinu eru með þrjá tölustafi í númeri.
4. Fjallvegir (hálendisvegir) eru með F framan við númerið. Geta bæði verið með tveggja tölustafa eða þriggja tölustafa númeri.

Hringurinn hefst austast í Vestur-Skaftafellssýslu og síðan hækka númerin þegar haldið er réttsælis hringinn í kring um landið. Vestur-Skaftafellssýsla og Rangárvallasýsla, sem er fyrsta númerasvæðið, er númer 2. (ekkert númerasvæði er númer 1 af tæknilegum ástæðum). Árnessýsla er númerasvæði 3 og Reykjaneskjördæmi nr. 4, o.s.frv.

Á númerasvæði 2 hefjast öll vegnúmer á tölustafnum 2 (nema Hringvegur er alls staðar nr. 1) og á númerasvæði 3 hefjast öll vegnúmer á tölustafnum 3 o.s.frv.


Þannig eru aðalvegir á númerasvæði 2, númer tuttugu og eitthvað og aðrir vegir númer tvö hundruð og eitthvað. Landvegur er t.d. nr. 26 og Meðallandsvegur nr. 204

Á númerasvæði 3 er t.d. Skeiðavegur nr. 30 en Urriðafossvegur nr. 302.

Hringurinn endar svo á Austurlandi, sem er númerasvæði 9 og þar hefjast öll vegnúmer á tölustafnum 9.

Reglur um vegvísun

Vegvísir og töfluvegvísir



Vegvísar eru notaðir á gatnamótum til að sýna næsta áfangastað og vegalengdir.

Töfluleiðamerki og fjarlægðarmerki



Töfluleiðamerki eru sett 150-250 m á undan gatnamótum til að sýna næsta áfangastað(i). Fjarlægðarmerki eru notuð á eftir gatnamótum til að sýna fjarlægðir að næsta áfangastað.

Sá staður sem styst er til er alltaf neðstur á merki og sá staður sem er lengst í burtu er alltaf efstur.

Rammareglur um áfangastaði

Aðaltextinn, sem birtur er á vegvísunum er hér nefndur áfangastaður. Áfangastöðum er skipt í þrjá flokka eftir mikilvægi þeirra þ.e. fjarmörk, nærmörk og heimaslóðir.

Fjarmörk

Fjarmörk eru stærstu bæir eða mikilvægir áfangastaðir í vegakerfinu. Að öðru jöfnu er mjög langt á milli fjarmarka.

Fjarmörk á hringveginum hafa verið ákveðin: Reykjavík, Akureyri, Egilsstaðir, Höfn, Vík. Auk þess hefur hringvegurinn sjálfur fjarmarkseinkenni, og vísað er til hans með "1" í brotnum ramma. Auk þessara fjarmarka eru á landinu nokkur önnur fjarmörk á annesjum og inni í landi, sem ekki hafa endanlega verið ákveðin enn.

Rita má fjarmark með fyrsta bókstaf höfuðátta (N,S,A,V). Þetta hentar fyrst og fremst til grófflokkunar umferðar. Sem dæmi má nefna að í Hafnarfirði á norðurleið má vísa "Reykjavík A" og "Garðabær A" inn á Reykjanesbrautina á leið t.d. í Breiðholt og að Vífilsstöðum.

Merking á þennan hátt á að öðru jöfnu aðeins við um ein ákveðin gatnamót og regla, sem síðar verður vikið að, um samfellda vegvísun gildir ekki um áttabókstafinn. Eftir að komið er inn á Reykjanesbrautina er því vísað "Reykjavík" án áttabókstafs.

Þessa reglu um höfuðáttir er stundum eðlilegt að nota þegar ekki er um nærmark að ræða í viðkomandi akstursstefnu, þar sem heimaslóðir ber að forðast eins og vikið verður að síðar.

Nærmörk

Nærmörk eru allir þéttbýlisstaðir landsins og helstu staðir aðrir sem ferðamenn sækja.

Sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu er skipti niður í nokkur nærmörk. Tillaga hefur verið gerð um nærmörk í eftirfarandi sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu:

Sveitarfélag	Nærmörk
Álftanes	Norðurnes, Suðurnes
Hafnarfjörður	Suðurbær, Norðurbær, Hraun, Setberg, Ásland, Vellir, Hellnahraun
Kópavogur	Kársnes, Smárin, Vatnsendi
Reykjavík	Vesturbær, Öskuhlíð, Hlemmur, Fossvogur, Laugardalur, Breiðholt, Árbær, Grafarvogur, Grafarholt, Kjalarnes

Miðbærir eru gjarnan nærmörk og er þá vísað til þeirra með nafni sveitarfélags ásamt

þjónustumerkinu 762.1 .

Um nærmörk gilda sömu reglur um áttabókstafi og lýst er undir fjarmörkum.

Heimaslóðir

Heimaslóðir eru t.d. bæjarhlutar eða hverfi.

Rammareglur um notkun áfangastaða á vegvísunarmerkjum

Eftirfarandi rammareglur taka mið af því af hvaða flokki þeir vegir eru sem mætast. Merkingar eru eðlilega fullkomnastar þar sem stofn-/þjóðvegir í þéttbýli mæta öðrum stofn-/þjóðvegum í þéttbýli. Merkingar á öðrum gatnamótum eru síðan mismiklar og háðar mikilvægi gatnamótanna.

Stofnvegir / Þjóðvegir í þéttbýli

Við aðra stofn-/þjóðvegi í þéttbýli skal vísa á fjarmörk/nærmörk efir því sem við á. Forðast skal að vísa á heimaslóð, ef vísað er á fjarmark í ákveðna stefnu. Aldrei er vísað á heimaslóð áfram með fjarmarki. Nota má leiðamerki.

Við tengi- og safnvegi skal vísa á nærmark þar sem við á. Vísa má á heimaslóðir, eftir því sem þurfa þykir. Að öðru jöfnu er ekki vísað beint áfram. Ekki má nota leiðamerki.

Vísa má á þjónustustaði og athyglisverða staði eftir því sem þurfa þykir.

Tengivegir

Við stofn-/þjóðvegi í þéttbýli skal vísa á nærmörk efir því sem við á. Vísa má á fjarmörk eftir því sem þurfa þykir að mati veghaldara þjóðvegjar.


Við aðrar tengi- og safnvegi má vísa á heimaslóðir.

Vísa má á athyglisverða staði og þjónustustaði eftir því sem þurfa þykir.

Ekki má nota leiðamerki á tengivegum.

Gerðir vegvísar

701 Töfluleiðamerki

  701.1 Innan höfuðborgarsvæðis 701.3	  701.2 Utan höfuðborgarsvæðis 701.4
---	--

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta sýnir leiðaval við vegamót sem eru framundan, áður en komið er að vegamótum.

Vinnureglur um notkun:

Töfluleiðamerki er notað til að sýna áfangastaði, akstursstefnur og leiðir við vegamót sem eru framundan.

Töfluleiðamerki er notað við vegamót stofnvega (1 – 2 stafa þjóðvega), sbr. almennar reglur um vegvísar.

Á töfluleiðamerki skal staðsetja áfangastaði fyrir sérhverja leið á aðskilin merki.

Hlutaskilti fyrir vísun beint áfram kemur efst. Akstursstefna er gefin til kynna með lóðréttri ör sem vísar upp. Stefnuör skal staðsetja vinstra megin á merki.

Hlutaskilti fyrir vísun til vinstri kemur neðan við vísun beint áfram. Akstursstefna er gefin til kynna með láréttri ör sem vísar til vinstri. Stefnuör skal staðsetja vinstra megin á merki.

Hlutaskilti fyrir vísun til hægri kemur neðan við vísun til vinstri. Akstursstefna er gefin til kynna með láréttri ör sem vísar til hægri. Stefnuör skal staðsetja hægri megin á merki.

Önnur hlutaskilti sem og tímabundin hlutaskilti skal staðsetja með þeim hlutaskiltum sem vísa til sömu áttar.

Töfluleiðamerki segja til um fyrirkomulag umferðar á næstu vegamótum.

Fyrir sérhverja vegvísun í sömu akstursstefnu skal staðsetja örnefni eða staðfang efst og því næst þjónustuvegvísun sé því við komið.

Fyrir áfangastaði sem vísað er til í sömu akstursstefnu kemur efst sá staður sem er fjær, sé því við komið.

Ef notað er vegnúmer í brotnum ramma til vegvísunar skal staðsetja það undir vegnúmeri sem hefur heilan ramma ef því verður við komið.

Á töfluleiðamerki er heimilt, til upplýsinga, að setja umferðarmerki sem höfða til áfangastaðarins eða leiðarinnar s.s. umferðarmerki fyrir bifreiðastæði eða jarðgöng.

Heimilt er að nota þjónustumerki fyrir samgöngumiðstöð, miðbæ, iðnaðarsvæði o.þ.h., opinberan stað, athyglisverðan stað, neyðarþjónustu og staði sem hafa mikið almannagildi.

Heimilt er í sérstökum tilvikum að setja texta sem tilheyrir táknuinu s.s. heiti flugvallar, þó skal útfæra þjónustu viðskiptalegs eðlis með þjónustutáknum frekar en texta.

Á vegamótunum skal setja upp merki 713 Vegvísar eftir því sem við á.

Einstök hlutaskilti er heimilt að hafa í öðrum lit þ.e. með rautt letur, hvítan bakgrunn og rauðan ramma eða brúnan bakgrunn og hvítt letur sbr. liti og tilgang vegvísa 70131.3 eða 713701.4.



701.1 Töfluleiðamerki.

Heimilt er að nota merkið á höfuðborgarsvæðinu, að jafnaði 150 – 250 m frá vegamótum.

701.2 Töfluleiðamerki.

Heimilt er að nota merkið utan höfuðborgarsvæðis, að jafnaði 150 – 250 m frá vegamótum.

703 Staðarleiðatafla

 703.1 Innan höfuðborgarsvæðis	
 703.2 Utan höfuðborgarsvæðis	 703.3 Utan höfuðborgarsvæðis

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta sýnir einfaldaða mynd af leiðavali við vegamót sem eru framundan, áður en komið er að vegamótum.

Vinnureglur um notkun:

Staðarleiðatafla er einkum notuð á undan vegamótum þar sem þörf er á skýringarmynd til að auðvelda vegfarendum leiðarval.

Skýringarmynd skal sett fram á sem einfaldastan hátt. Á skýringarmyndinni skal sá vegur, sem ökumaður er á, byrja neðst á merkinu og skal skýringarmyndin á þessum stað vera lóðrétt.

Skýringarmynd má ekki stríða gegn forgangsskilyrðum. Vegir sem eru víkjandi skal sýna með grennri línu en aðalveginn þar sem því verður við komið.

Við hringtorg og vegamót þar sem ekki eru sýnd víkjandi skilyrði, er skýringarmyndin höfð með jafnbreiðum línunum. Öll hringtorg utan þéttbýlis skal merkja með staðarleiðatöflu (703.3).

Á staðarleiðatöflu er heimilt, til upplýsinga, að setja umferðarmerki sem höfða til áfangastaðar eða leiðar s.s. umferðarmerki fyrir bifreiðastæði eða jarðgöng.

Heimilt er að nota þjónustumerki fyrir samgöngumiðstöð, miðbæ, iðnaðarsvæði o.þ.h., opinberan stað, athyglisverðan stað, neyðarþjónustu og staði sem hafa mikið almannagildi.

Heimilt er í sérstökum tilvikum að setja texta tilheyrandi táknuinu s.s. heiti flugvallar, þó skal útfæra þjónustu viðskiptalegs eðlis með þjónustutáknum frekar en texta.


Staðarleiðatöflu skal staðsetja hægra megin vegar og má einnig setja upp vinstra megin vegar.

Letra skal staðarheiti og vagnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Á vegamótunum skal setja upp merki 713 Vegvísar eftir því sem við á.

Annað:

Öll hringtorg utan þéttbýlis skal merkja með staðarleiðamerki. Sjá rammareglur um merkingar hringtorga.

Dæmi um skilti á Ísafirði.




Stærð skiltisins er 300 x 250 sm.
Leturhæðin er 143 mm.

Dæmi um skilti á höfuðborgarsvæðinu.



707 Akreinalleiðatafla



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta sýnir einfaldaða mynd af vegamótum sem eru framundan, áður en komið er að vegamótum, til leiðbeiningar um akreinauval fyrir öllum.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Heimilt er að nota merkið á höfuðborgarsvæðinu, að jafnaði 150 – 250 m frá vegamótum sé því við komið til leiðbeiningar öllum um hvaða akrein þeir skuli velja.

Heimilt er að nota merkið á undan vegamótum þar sem þörf er á skýringarmynd til að auðvelda vegfarendum leiðarval.

Skýringarmynd skal sett fram á sem einfaldastan hátt. Á skýringarmyndinni skal sá vegur, sem ökumaður er á, byrja neðst á merkinu og skal skýringarmyndin á þessum stað vera lóðrétt.

Skýringarmynd má ekki stríða á móti forgangsskilyrðum. Vegir sem eru víkjandi, skal sýna með grennri línu en aðalvegurinn hefur þar sem því verður við komið.

Við hringtorg og vegamót þar sem ekki eru sýnd víkjandi skilyrði, er skýringarmyndin höfð með jafnbreiðum línum.

Á akreinalleiðatöflu er heimilt, til upplýsinga að setja umferðarmerki sem vísa til áfangastaðarins eða leiðarinnar s.s. umferðarmerki fyrir bifreiðastæði eða jarðgöng.

Heimilt er að nota þjónustumerki fyrir samgöngumiðstöð, miðbæ, iðnaðarsvæði o.þ.h., opinberan stað, athyglisverðan stað, neyðarþjónustu og staði sem hafa mikið almannagildi.

Heimilt er í sérstökum tilvikum að setja texta tilheyrandi táknu s.s. heiti flugvallar, þó skal útfæra þjónustu viðskiptalegs eðlis með þjónustutáknum frekar en texta.

Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Á vegamótunum skal setja upp 713 Vegvísa eftir því sem við á.

709 Töfluleiðavísir



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta sýnir áfangastaði sem sérhver akrein leiðir til nærri vegamótum, t.d. á merkjabrú yfir veg.

Vinnureglur um notkun:

Töfluleiðavísir er notaður til að sýna áfangastaði, akstursstefnur og leiðir við vegamót sem eru framundan.

Á töfluleiðavísi er heimilt, til upplýsinga, að setja umferðarmerki sem vísa til áfangastaðarins eða leiðarinnar s.s. umferðarmerki fyrir bifreiðastæði eða jarðgöng.

Heimilt er að nota þjónustumerki fyrir tegund samgöngumiðstöðvar, miðbæ, iðnaðarsvæði o.þ.h., opinberan stað, athyglisverðan stað, neyðarþjónustu og staði sem hafa mikið almannagildi.


Heimilt er í sérstökum tilvikum að setja texta tilheyrandi táknu s.s. heiti flugvallar, þó skal útfæra þjónustu viðskiptalegs eðlis með þjónustutáknum frekar en texta.

Töfluleiðavísi er heimilt að koma fyrir yfir vegi nærri vegamótum, t.d. á merkjabrú. Á merkinu skal vera ör fyrir hverja akrein og brotin bogin ör fyrir beygjur. Letra skal staðarheiti og vegnúmer á töfluleiðavísi eftir því sem ástæða þykir til og skulu örvarnar vera við hlið staðarheitanna yfir sérhverri akrein.

Töfluleiðavísi skal setja upp við aðkomu að vegamótum í þversniði þar sem mögulegar beygjureinar hafa náð meira en 2/3 af fullri breidd þeirra. Setja skal upp merki fyrir sérhverja vegleið vegamótanna. Þó má sleppa skiltum fyrir smærri veltengingar.

Á töfluleiðavísi má setja umferðarmerki s.s. bannmerki, sem upplýsa vegfarendur um takmörkun umferðar á tiltekinni akrein.

711 Töfluvegvísir



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta vísar á áfangastaði í hverri akstursstefnu og stendur á eða við vegamót, einkum þar sem akreinar eru fleiri en ein.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið rétt fyrir, á og við vegamót fyrir áfangastaði, akstursstefnur og leiðir. Heimilt er að nota merkið í stað merkis 713 Vegvísir á vegamótum þar sem ekki er hægt að koma þeim merkjum fyrir.

Á töfluvegvísi skal setja sérhverja vegleið á aðskilin merki.

Ef notað er vegnúmer í brotnum ramma til vegvísunar skal staðsetja það undir vegnúmeri sem hefur heilan ramma ef því verður við komið.

Á vegvísa er heimilt að setja umferðarmerki sem vísa til áfangastaðarins eða leiðarinnar s.s. umferðarmerki fyrir bifreiðastæði eða jarðgöng.

Heimilt er að setja þjónustumerki fyrir samgöngumiðstöð, miðbæ, iðnaðarsvæði o.þ.h., opinberan stað, athyglisverðan stað, neyðarþjónustu og staði sem hafa mikið almannagildi.

Heimilt er í sérstökum tilvikum að setja texta tilheyrandi táknuinu s.s. heiti flugvallar, þó skal útfæra þjónustu viðskiptalegs eðlis með þjónustutáknum frekar en texta.

Vegnúmer og umferðarmerki skal almennt staðsetja fyrir framan staðarheiti áfangastaðar.

Fjarlægð á töfluvegvísi skal setja á eftir staðarheiti.

Fyrir sérhverja vegvísun í sömu akstursstefnu skal staðsetja örnefni eða staðfang efst sé því við komið, síðan þjónustuvegvísun.

Fyrir sérhverja vegvísun í sömu akstursstefnu kemur efst sá staður sem er fjær sé því við komið.

Efst kemur hlutaskilti fyrir vísun beint áfram. Akstursstefna er gefin til kynna með lóðréttri ör sem vísar upp. Stefnuör skal staðsetja vinstra megin á merki.

Því næst kemur hlutaskilti fyrir vísun til vinstri. Akstursstefna er gefin til kynna með láréttri ör sem vísar til vinstri. Stefnuör skal staðsetja vinstra megin á merki.

Neðst kemur hlutaskilti fyrir vísun til hægri. Akstursstefna er gefin til kynna með láréttri ör sem vísar til hægri. Stefnuör skal staðsetja hægra megin á merki.

Önnur hlutaskilti sem og tímabundin hlutaskilti skal staðsetja með þeim hlutaskiltum sem vísa til sömu áttar.

Einstök hlutaskilti geta verið í öðrum lit s.s. með rautt letur, hvítan bakgrunn og rauðan ramma eða brúnan bakgrunn og hvítt letur sbr. liti og tilgang merkis 713 Vegvísir.

Letra skal staðarheiti, vegnúmer og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til.

711.1 Töfluvegvísir.

Heimilt er að nota merkið við vegamót á höfuðborgarsvæði.

711.2 Töfluvegvísir.

Heimilt er að nota merkið við vegamót utan höfuðborgarsvæðis.

712 Töfluvegvísir fyrir hringtorg

 712.1 Innan höfuðborgarsvæðis	 712.2 Utan höfuðborgarsvæðis
--	--

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta vísar á áfangastaði í hverri akstursstefnu og stendur á eða við hringtorg, einkum þar sem akreinar eru fleiri en ein.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að setja merkið 712.1 við hringtorg innan höfuðborgarsvæðis.

Heimilt er að setja merkið 712.2 við hringtorg innan þéttbýlis utan höfuðborgarsvæðis.

Efst kemur hlutaskilti fyrir vísun á síðasta útakstur úr hringtorgi. Því næst kemur hlutaskilti fyrir vísun á næstsíðasta útakstur úr hringtorgi o.s.frv. Neðst kemur hlutaskilti fyrir vísun á fyrsta útakstur úr hringtorgi. Aksturstefna er gefin til kynna með láréttri ör sem vísar til hægri. Stefnuör skal staðsetja hægra megin á merki.

Einstök hlutaskilti geta verið í öðrum lit s.s. með rautt letur, hvítan bakgrunn og rauðan ramma eða brúnan bakgrunn og hvítt letur sbr. liti og tilgang merkja 713.3  **Árbæjarsafn** eða 713.4



713 Vegvísir

 713.1	 713.1
 713.2	 713.3
 713.4	 713.5
 713.6	

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta vísar á áfangastað í þá stefnu sem merkið vísar og stendur við vegamót. Lárétt lína í stað staðarheitis og vegalengdar táknar að vegnúmer teljist næg vegvísun.

Vinnureglur um notkun:

713.1 (innan þéttbýlis)

Heimilt er að nota merkið við vegamót innan höfuðborgarsvæðis.

713.2 (utan þéttbýlis)

Heimilt er að nota merkið við vegamót stofn- eða tengivega með 1 – 3 tölustöfum í vegnúmeri, utan höfuðborgarsvæðis.

Heimilt er að nota merkið á vegum með fjögurra stafa vegnúmeri sem liggja að þéttri byggð eða við aðrar aðstæður þar sem það er talið hentugt. Þá er þó heimilt að sleppa vegnúmerinu.

713.3 (rauður)

Heimilt er að nota merkið til vegvísunar á vegamótum fyrir leið að stað og þjónustu þ.m.t. að miðstöð samgangna, bifreiðastæði, athyglisverðum stað, opinberri byggingu, menningarstað og þess háttar

Nota skal 713.3 í stað vegvísa 713.1 og 713.2 til að vísa á leið að opinberri byggingu eða safni, menningarstað, samgöngumiðstöð, bifreiðastæði o.þ.h.

Þá er einnig heimilt að nota merkið fyrir athyglisverða áfangastaði sem uppfylla skilyrði um að vera merktir sem slíkir en uppfylla ekki viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur til að fá rétt til brúnnar merkingar.

Heimilt er að nota framangreind þjónustumerki sem og merki fyrir opinbera byggingu og nafn staðar eða starfseminnar á merkið.

713.4 (brúnn)

Heimilt er að nota merkið við vegamót þar sem leið liggur að áfangastað ferðamanna sem uppfyllir viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur. Þá er einnig heimilt að nota merkið fyrir vísun á leið að þjóðgarði eða friðlandi sem uppfyllir sömu viðmið.

Letra skal nafn staðar eða starfseminnar og viðeigandi tákn starfseminnar s.s. 723.41 , 723.42



764.4  eða þjóðgarðstákn.

713.5 (strjálbýli)**Annað:**

Ef vísað er á stað sem sést ekki þar sem merkið 713.5  er skal að jafnaði geta vegalengdar.

Heimilt er að nota þjónustumerkið 766.4  sæluhús á vegvísa í strjálbýli.

713.6 (sér not)**Annað:**

Merki 713.6  er einungis notað við sérstaka vetrarvegi.

Annað fyrir merki 713:

Merkin eru notað við öll vegamót þjóðvega.

Fjarlægðartala skal alltaf koma fram á merkinu nema vísað sé á svæði.

Heimilt er að setja þjónustumerki fyrir framan nafn staðar.

Að jafnaði er aðeins einn 713 vegvísir í hverja átt á vegamótum, sbr. almennar reglur um vegvísa, en í undantekningartilfellum eru þeir fleiri.

Vegvísar sem standa saman skulu vera jafn langir.

Stærri vegvísar (33 sm (merki í ramma) eða 34 sm (Vd panil)) eru notaðir á A, B, C og D vegamótum.

Minni vegvísar (23,5 sm (merki í ramma) eða 22,5 sm (Vd panil)) eru notaðir á E vegamótum.

Dæmi um notkun ofan talda merkja.

714 Staðarvísir

 714.2	 714.3
 714.4	 714.5

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta vísar á tiltekinn stað, svo sem býli og stendur við vegamót.

Vinnureglur um notkun

Heimilt er að nota staðarvísi við heimreið á staðfang svo sem býli eða örnefni fyrir athyglisverðan stað, opinbera byggingu, menningarstað og þjónustu. Merkið er staðsett við afleggjara eða heimreið.

Óheimilt að setja fleiri en fjóra staðarvísa á eina leið nema í undantekningartilfellum. Heimilt er að setja eitt þjónustutákn fyrir framan staðarheitið sem vísar til gerð staðar s.s. athyglisverður staður, tjaldstæði, sæluhús o.þ.h. Heimilt er að nota þjónustutákn og nafn staðar eða starfseminnar. Einnig er heimilt er að setja eina merkjaplötu með allt að 4 – 6 þjónustutáknum undir heiti staðar.

Þar sem fleiri staðarvísar eru saman má sameina þjónustutákn á eina merkjaplötu. Sé þörf á fleiri

vísunum getur veghaldari heimilað 650.2  eða 650.3  Upplýsingatöflu á útskoti inni á afleggjaranum. Þjónustu viðskiptalegs eðlis skal útfæra með þjónustutáknum frekar en texta.

714.2 (blár).

Heimilt er að nota merkið við afleggjara eða heimreið til að vísa á tiltekinn stað, svo sem býli. Áhersla skal vera á örnefni eða staðfang, en heimilt er að setja til þess gerð þjónustutákn, eðli starfsemi eða nafn starfseminnar ef sérstök rök eru fyrir því.

714.3 (rauður)

Heimilt er að nota merkið við afleggjara eða heimreið til að vísa á samgöngumiðstöð, bifreiðastæði, opinbera byggingu eða safn, menningarstað o.þ.h.

Þá er einnig heimilt að nota merkið fyrir athyglisverðan stað sem ástæða er að vísa til.

Heimilt er að nota þjónustutákn og nafn staðar eða eðli starfsemi.

714.4 (brúnn)

Heimilt er að nota merkið til að vísa á áfangastað ferðamanna sem uppfyllir viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur þ.m.t. áfangastaði innan þjóðgarðs eða friðlanda.

Heimilt er að nota tákn starfseminnar 723.41 , 723.42 , 764.4 , þjóðgarðstákn eða lýsandi þjónustutákn framan við nafnið. s.s. 764.3 

714.5 (blár – steypur)

Heimilt er að nota merkið þar sem talið er betra að nota steyppt merki með upphleyptum stöfum vegna veðuraðstæðna. Á þetta einkum við á hálendi Íslands.

Dæmi um merkingar:

Ef staður sést ekki frá aðalleið skal geta vegalengdar.

Dæmi um notkun merkisins með þjónustumerkinu 764.3 og fjarlægðartölu.	  
Staðarvísar sem standa saman skulu vera jafnlangir.	 
Heimilt er að bæta skýringartexta við nöfn staða.	  
Þjónustumerki sem lýsir stað má setja á undan nafni staðarins. Ef nota á fleiri en eitt þjónustumerki skal það koma fram á nýju merki undir staðarvísi.	  

715 Fráreinavísir

	
715.1 Innan þéttbýlis	715.2 Utan höfuðborgarsvæðis

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta stendur við upphaf fráreinar og vísar á stað sem fráreinin leiðir til.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota fráreinavísi á vegi þar sem frárein er til staðar fyrir aðkomu inn á annan veg og þannig að unnt sé að aka inn á frárein án þess að draga verulega úr hraða fyrr en komið er inn á fráreinina.

Fráreinavísi skal staðsetja við upphaf fráreinar þar sem ökumaðurinn getur byrjað að sveigja inn á hana.

Óheimilt er að tilgreina vegalengd á fráreinavísi.

Heimilt er að setja á fráreinavísi mögulegt vegnúmer og mögulegt táknmerki á undan örnefni eða staðfangi sem þau eru tengd við. Vegnúmer kemur fyrst, síðan mögulegt táknmerki eða þjónustutákn sé því við komið og loks staðarheiti.

Heimilt er að setja umferðarmerki, til upplýsinga, á fráreinavísi sem vísa til áfangastaðar eða leiðar s.s. umferðarmerki fyrir bifreiðastæði eða jarðgöng. Einnig er heimilt að nota þjónustutákn fyrir samgöngumiðstöð, miðbæ, iðnaðarsvæði o.þ.h., opinberan stað, athyglisverðan stað, neyðarþjónustu og táknmerki starfsemi sem hafa mikið almannagildi.

Heimilt er í sérstökum tilvikum að setja texta tilheyrandi táknuinu þar sem textinn þykir nauðsynlegur hluti vegvísunar s.s. heiti flugvallar. Þó skal útfæra þjónustu viðskiptalegs eðlis með þjónustutáknum frekar en texta.

Letra skal staðarheiti og vegnúmer á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Stefnuör skal vera skásett.

715.1 Fráreinavísir.

Heimilt er að nota merkið á höfuðborgarsvæði við upphaf fráreinar.

715.2 Fráreinavísir.

Heimilt er að nota merkið utan höfuðborgarsvæðis við upphaf fráreinar.

717 Staðarleiðarvísir



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna stað og þjónustu sem er framundan, áður en að honum er komið.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Heimilt er að nota merkið þar sem veghaldari telur þörf fyrir að vísa á stað og þjónustu sem er framundan á hliðarvegi, s.s. vegna umferðar, hraða, blindrar aðkomu, umferðaröryggis og þar sem merking með 714 Staðarvísi er ekki talin nægjanleg.

Letra skal mögulegt þjónustutákn, staðarheiti og fjarlægð í km á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Merkið getur verið í öðrum lit þ.e. með rautt letur, hvítan bakgrunn og rauðan ramma eða brúnan bakgrunn og hvítt letur sbr. liti og tilgang vegvísa 713.3 eða 713.4.

Annað: Staðsetning staðarleiðarvísa:

Staðarleiðarvísar verða að vera 200 m frá vegamótum. Á vegamótum þar sem töfluleiðamerki (F06.51) eru verða þeir þó að vera 400 m frá vegamótunum (200 m frá töfluleiðamerkjunum).

Á beinni leið að þjónustustað skal staðarleiðarvísir ekki standa fjær staðnum en 1 km.

Leyfilegt er að setja upp staðarleiðarvísa sem benda á þjónustu á hliðarvegi en það má þó að jafnaði ekki vera fjær þjónustustað en 10 km. Á strjálbýlum svæðum má veita undanþágu frá þessari reglu.

Staðarleiðarvísar sem benda á þjónustu við hliðarveg má ekki setja upp við vegamót, ef boðið er upp á sambærilega þjónustu annars staðar innan tvöfaldrar þeirrar fjarlægðar sem er frá vegamótum að þjónustustað. Þar verður að setja upp upplýsingatöflu 650  þar sem allra þjónustustaða er getið.

723 Vegnúmer og tákn.

Reglugerð um umferðarmerki

Vegnúmer og myndtákn eru einkum notuð inn á vegvísa eða upplýsingamerki.

723.00 Ónúmeraður vegur



Reglugerð um umferðarmerki:

Merkið gefur til kynna að vegur sé án vegnúmers og ekki í umsjón Vegagerðarinnar.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna veg sem er án vegnúmers og er ekki í umsjón Vegagerðarinnar.

Merkið er einkum ætlað til að fella inn í sérstaka hálandisútgáfu af merkinu 714.5 þar sem vísað er á ýmsa slóða á hálendinu.

Annað: Dæmi um notkun merkisins:



723.13 Vegnúmer



Reglugerð um umferðarmerki:

Merkið gefur til kynna númer vegar. Á hvítum vegvísum er tákn vegnúmers haft gult

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna vegnúmer vegar sem það stendur við eða vísað er til á vegvísunum.

Heimilt er að nota merkið við alla stofn- og tengivegi að undanskildum vegum styttri en 5 km þar sem vegnúmer er á vegvísi út á viðkomandi veg.

Heimilt er að nota merkið 500 – 1000 m frá vegamótum fyrir umferð sem kemur inn á veg. Ef tvenn eða fleiri vegamót við þjóðvegi eru á 3 km kafla eða styttri er heimilt að merkja þau eins og um ein vegamót væri að ræða, þ.e. með merki út frá vegamótum í enda kaflans en merkjum á milli þeirra sleppt.

Heimilt er að nota merkið áður en komið er að vegamótum við þjóðveg í 500 – 1000 m fjarlægð ef fjarlægð frá síðasta vegnúmeri er á bilinu 20 – 30 km.


Langir kaflar án vegamóta:

Merkið er sett upp fyrir báðar akstursstefnur með um 15 km millibili ef fjarlægð frá síðasta vegnúmeri er meiri en 30 km.

Annað: Notkun samhliða öðrum merkjum:

Setja skal vegnúmer með aðalbrautarkerkjum 206  og aðalbraut endar 208 . Að jafnaði skal fella vegnúmer 723.13 inn í öll 701, 703 og 707 leiðatöflur þar sem vísað er á vegi með númeri.

723.14 Vegnúmer, leið að vegi



Reglugerð um umferðarmerki:

Merkið gefur til kynna að vegur liggi að öðrum vegi með tilgreindu númeri.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna veg með tilgreindu vegnúmeri sem liggur að þeim vegi sem ekið er á.

Merkið skal aldrei nota stakt heldur alltaf sem undirmerki með 723.13 eða á vegvísi. Brotinn rammi er settur utan um vegnúmer á vegvísunum til að skýra betur leið að viðkomandi stað.

Annað: Þetta merki er aldrei notað stakt og alltaf sem undirmerki með 723.13 eða á vegvísi.

Brotinn rammi er gjarnan utan um vegnúmer á vegvísunum til að skýra betur leið að viðkomandi stað.



Samkvæmt þessu merki er ekið til Egilsstaða fyrst eftir vegi 931 og svo eftir vegi 1.

723.41 Ferðamannastaður með Vörðu



Reglugerð um umferðarmerki:

Merkið gefur til kynna áhugaverðan áfangastað ferðamanna sem uppfyllir viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur.

Vinnureglur um notkun

Heimilt er að nota merkið sem tákn á vegvísi til að auðkenna leið að ferðamannastað sem uppfyllir viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur.

723.42 Staður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna áfangastað sem er á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna.

Vinnureglur um notkun

Heimilt er að nota merkið sem tákn á vegvísi til að auðkenna leið að stað sem er á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna.

723.51 Eyðibýli



Reglugerð um umferðarmerki:

Merkið gefur til kynna að vegvísir með tákninu vísi á eyðibýli.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið sem tákn á vegvísi til að auðkenna leið að eyðibýli.

Annað: Dæmi um notkun merkisins með bláum staðarvísi F12.11



723.61 Jarðgöng



Reglugerð um umferðarmerki:

Merkið gefur til kynna að vegvísir með tákninu vísi á jarðgöng.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkið skal nota til að auðkenna leið um jarðgöng.

725 Fjarlægðartafla

1 <table style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr><td style="width: 60%;">Egilsstaðir</td><td style="text-align: right;">592</td></tr> <tr><td>Ísafjörður</td><td style="text-align: right;">376</td></tr> <tr><td>Akureyri</td><td style="text-align: right;">344</td></tr> <tr><td>Borgarnes</td><td style="text-align: right;">30</td></tr> </table> 725.2	Egilsstaðir	592	Ísafjörður	376	Akureyri	344	Borgarnes	30	1 <table style="width: 100%; border-collapse: collapse;"> <tr><td style="width: 60%;">Jökulsárlón</td><td style="text-align: right;">335</td></tr> <tr><td>Skaftafell</td><td style="text-align: right;">282</td></tr> <tr><td>Dyrhólaey</td><td style="text-align: right;">137</td></tr> <tr><td>Skógafoss</td><td style="text-align: right;">111</td></tr> <tr><td>Seljalandsfoss</td><td style="text-align: right;">83</td></tr> </table> 35 <table style="width: 100%; border-collapse: collapse; margin-top: 10px;"> <tr><td style="width: 60%;">Gullfoss</td><td style="text-align: right;">81</td></tr> <tr><td>Geysir</td><td style="text-align: right;">71</td></tr> </table> 725.3	Jökulsárlón	335	Skaftafell	282	Dyrhólaey	137	Skógafoss	111	Seljalandsfoss	83	Gullfoss	81	Geysir	71
Egilsstaðir	592																						
Ísafjörður	376																						
Akureyri	344																						
Borgarnes	30																						
Jökulsárlón	335																						
Skaftafell	282																						
Dyrhólaey	137																						
Skógafoss	111																						
Seljalandsfoss	83																						
Gullfoss	81																						
Geysir	71																						

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna fjarlægðir til áfangastaða.

Vinnureglur um notkun:

725.2 Fjarlægðartafla

Heimilt er að nota merkið sem fjarlægðarmerki þar sem ekið er á leið út frá þéttbýlisstað eða öðrum mikilvægum viðkomustað einnig eftir mikilvæg vegamót í dreifbýli s.s. vegamót stofnvega og sýnir fjarlægð til áfangastaða framundan.

Efst á merkinu fyrir miðju er vagnúmer þess vegar sem ekið er eftir. Þar undir til vinstri koma staðarheiti og fjarlægð að viðkomandi stað eða til hægri. Staðarheiti raðast í fjarlægðarröð, efst kemur sá staður sem fjærstur er o.s.frv.

Fjarlægðartafla er höfð í gulum lit með svart letur fyrir örnefni eða staðföng megináfangastaða.

Skipta skal fjarlægðartöflu upp ef merkið er notað í dreifbýli sem síðasta fjarlægðarmerki fyrir mikilvæg vegamót, þar sem fjarlægðar til áfangastaða er getið fyrir báða vegi.

Efst á merkinu fyrir miðju er vagnúmer þess vegar sem ekið er eftir. Þar undir til vinstri koma staðarheiti við þann veg og fjarlægð að viðkomandi stað til hægri. Staðarheiti raðast í fjarlægðarröð, efst kemur sá staður fjærstur er o.s.frv. Þar undir kemur samskonar listi fyrir aðkomuvegin. Heimilt er að hlutaskipta fjarlægðartöflu eftir vagnúmerum.

725.2 Fjarlægðartafla athyglisverðra staða

Heimilt er að nota merkið til að sýna fjarlægð til valinna athyglisverðra staða s.s. megináfangastaða ferðamanna á tiltekinni leið.

Heimilt er að nota tákn inn á merkið s.s. 723.41 Ferðamannastaður með Vörðu eða 723.42 Staður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna.


Uppröðun inn á merki og fyrirkomulag er að öðru leiti eins og fyrir 725.2 Fjarlægðartafla.

Annað:

Merki þetta má setja við veg eftir að komið er fram hjá vegamótum, t.d. á bakhlið leiðamerkis. Efst á merkinu er vagnúmer þess vegar sem ekið er eftir og staðarheiti þar undir. Fyrst er heiti þess staðar sem fjærstur er o.s.frv.

Merkið má einnig staðsetja áður en komið er að vegamótum og skulu þá staðir sem vísað er á flokkaðir undir viðeigandi vagnúmerum.

Meðfylgjandi mynd sýnir staðsetningu á fjarlægðartöflum og á hvaða staði er vísað á á hverri töflu.



727 Sveitarfélagsmerki.



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að farið sé yfir stjórnsýslumörk. Á merkinu eru nafn og táknmynd viðkomandi sveitarfélags.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

727.1 Sveitarfélagsmerki (stórt).

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna mörk stjórnsýslusvæða s.s. sveitarfélags. Letra skal nafn sveitarfélags á merkið. Þar má enn fremur setja tákn sveitarfélags (byggðamerki) í réttum litum ofan við nafn.


727.2 Sveitarfélagsmerki (lítið).

Heimilt er að nota merkið við veg á mörkum sveitarfélaga. Letra skal nafn sveitarfélags á merkið. Þar má enn fremur setja tákn sveitarfélags (byggðamerki) í réttum litum við nafn.

Dæmi um notkun:

Merki með nafni sýslu og landfræðilegu svæða-/hreppaheiti.	Merki með nafni sveitarfélags og undirmerki fyrir landfræðileg svæða-/staðarheiti sem eru notuð með merkinu.
	 Suðursveit Mýrar Nes Lón

728 Staðartafla

			
728.31	728.32	728.41	728.42

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna áhugaverðan áfangastað. Staðartafla getur einnig gefið til kynna afmörkun svæðis t.d. aðkomu inn í friðland eða þjóðgarð. Uppfylli áfangastaður ferðamanna viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur er skiltið haft í brúnum lit.

Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

728.3 Staðartafla.

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna aðkomu að stórum athyglisverðum áfangastað.

Merkið er á hvítum grunni með rauðan ramma og rautt letur.

Heimilt er að nota einfalda mynd af stað á merkið.

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna þjóðgarðs- eða friðlandsmörk þar sem sérstakar reglur gilda. Í þjóðgarði eða friðlandi er heimilt að hafa tákn á merkinu s.s. 723.42 Staður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna, 764.3 Athyglisverður staður, 764.4 Athyglisverður staður innanhúss eða þjóðgarðstákn.

728.4 Staðartafla.

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna aðkomu að athyglisverðum áfangastað ferðamanna sem uppfyllir viðmið Vörðu sem ráðuneyti ferðamála setur Merkið er haft brúnt með hvítum texta.


Heimilt er að nota einfalda mynd af stað á merkið sem og tákn starfseminnar s.s. 723.41 

Ferðamannastaður með Vörðu, 723.42  Staður á heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna, 764.3

 Athyglisverður staður, 764.4  Athyglisverður staður innanhúss eða þjóðgarðstákn.

Heimilt er að nota merkið til að auðkenna þjóðgarðs- eða friðlandsmörk þar sem sérstakar reglur gilda.

728.6 Þjóðgarður eða friðland endar



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna að farið sé út fyrir mörk þjóðgarðs eða friðlands.

Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Heimilt er að nota merkið þar sem farið er út fyrir mörk þjóðgarðs eða friðlands.

729.1 Götunafn eða vegarheiti

Hamraborg

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta tilgreinir nafn götu, torgs eða heiti vegar.

Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Heimilt er að nota merkið til að tilgreina heiti götu eða vegar. Heimilt er að setja fleiri götunöfn á eina töflu ásamt húsnúmerum þar sem sérstakar aðstæður krefjast þess.

729.2 Staðarmerki

Grund

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta tilgreinir heiti staðar, örnefni o.þ.h.

Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Heimilt er að nota merkið fyrir heiti staðar, örnefni o.þ.h.

729.3 Húsnúmer

32-40

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta tilgreinir númer þeirra húsa sem standa við götu.

Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Heimilt er að nota merkið til að merkja hús með húsnúmeri.

Annað: Æskilegt er að merkja hús með húsnúmeri.

751 Vegvísir fyrir hjólreiðastíga

 **Seltjarnarnes 2,5**

Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna stígamót og vísar á hjólaleið sem er merkt með númeri eða lit.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið við stígamót. Letra skal staðarheiti, stíganúmer og fjarlægð í km með einum aukastaf á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Í stað stígnúmers er heimilt að nota önnur tákn til að greina að mismunandi stíga, svo sem líti.

753 Töfluvegvísir fyrir hjólreiðastíga



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta stendur á eða við stígamót og gefur til kynna áfangastaði hjólaleiða í hverri akstursstefnu.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið við stígamót. Letra skal staðarheiti, stígnúmer og fjarlægð í km með einum aukastaf á merkið eftir því sem ástæða þykir til. Vísun beint áfram kemur efst, því næst vísun til vinstri og neðst vísun til hægri. Í stað stígnúmers er heimilt að nota önnur tákn til að greina að mismunandi stíga, svo sem líti.

755 Leiðamerki fyrir hjólastíga



Reglugerð um umferðarmerki:

Merki þetta gefur til kynna númer eða lit hjólaleiðar og er til að upplýsa vegfarendur um á hvaða leið þeir eru.

Vinnureglur um notkun:

Heimilt er að nota merkið við hjólaleiðir. Heiti leiðarinnar/áfangastaðar má setja undir hjólatáknið. Á undirmerki má setja pílu eða merki fyrir áfangastaði og fjarlægð til þeirra. Í stað stígnúmers er heimilt að nota önnur tákn til að greina að mismunandi stíga, svo sem líti.

Þjónustumerki

Reglugerð um umferðarmerki:

Þjónustumerki eru ein tegund vegvísa og er ætlað að upplýsa vegfarendur um þjónustu sem veghaldari telur sérstaka ástæðu til að vekja athygli á, annað hvort vegna mikilvægi þjónustunnar eða þar sem langt er í aðra sambærilega þjónustu.

Þjónustumerki skal vera rétthyrndur ferhyrningur. Tákn er að jafnaði svart á hvítum grunni með bláan ramma en getur verið rautt eða gult. Vegagerðin, að höfðu samráði við Samgöngustofu, getur heimilað að önnur tákn en þau sem fram koma í reglugerð þessari séu notuð á þjónustumerki. Tákn sem heimiluð hafa verið skulu birt með öðrum umferðarmerkjum á vefsíðu Vegagerðarinnar ásamt skýringu á tákninu.

Vinnureglur um notkun:

Þjónustumerki eru ein tegund vegvísa og er ætlað að upplýsa vegfarenda um þjónustu. Í lýsingarhluta eru skýringar um þau.

Annað:

Við vegamót þjóðvega er heimilt að setja upp leiðbeiningar fyrir þjónustu sem boðið er upp á við hliðarveg.

Á 1-2 stafa vegnúmerum skulu þjónustumerki vera minnst 250 m frá öðrum merkjum en á öðrum vegum minnst 100 m.

20-50 m frá vegamótum, inn á hliðarvegi þar, sem vísað er á þjónustu má setja upp upplýsingatöflu



650.2 þar sem sýnd er táknræn mynd af byggð og þjónustu við hliðarveginn.

Þjónustumerki sem benda á þjónustu við hliðarveg má ekki setja upp við vegamót nema að vísað sé á sambærilega þjónustu framundan innan tvöfaldrar þeirrar fjarlægðar, sem er frá vegamótunum að þjónustu við hliðarveginn sé hún fyrir hendi.

Þar sem nauðsyn er á frekari leiðbeiningunum en fram koma á þjónustutáknum s.s. opnunartíma sundstaða, og brottfarartíma bílferja má gefa þær á upplýsingatöflu áður en komið að hliðarvegi. Sú upplýsingatafla verði ekki nær leiðamerkjum fyrir viðkomandi hliðarveg en 250 m.

Heimilt er að setja eitt þjónustutákn á staðarvísi 714.2 og 714.4. Önnur þjónustutákn koma á undirmerki í sömu stærð og er heimilt að hafa að hámarki 4 slík tákn.

Reglur um uppsetningu þjónustumerkja


Óski þjónustuaðili eftir setja upp þjónustumerki við þjóðveg skal hann sækja um það skriflega eða í tölvupósti, til svæðis.

Ef umsóknin er samþykkt setur Vegagerðarinnar merkið upp þegar áætlaður kostnaður hefur verið greiddur. Vegagerðin getur afturkallað leyfi fyrir þjónustumerkjum ef forsendur breytast.


Þjónustumerki er sett upp þar sem þjónusta er að jafnaði fyrir hendi. Gert er ráð fyrir að viðkomandi þjónustuaðili uppfylli leyfisskyld ákvæði laga og reglugerða.

Málsetning og götun:


Málsetning þjónustumerkja



Málsetning þjónustumerkinga á vegvísum



Götun þjónustumerkinga



Gerðir þjónustumerkja

760 Þjónustumerki neyðarþjónustu.

Merki þessi eru notuð ein og sér eða með öðrum vegvísum til að vísa á neyðarþjónustu.

			
760.1 Slysa hjálpi	760.2 Heilsugæsla	760.3 Lyfjaverslun	760.4 Lögregla
			
760.5 Neyðarsími eða talstöð	760.6 Slökkvitæki	760.7 Neyðarskýli	

Frekari skilgreining á merkjum:

760.1 Slysa hjálpi

Merkið vísar á sjúkrahús og heilsugæslustöðvar sem veitir þjónustu allan sólarhringinn.

760.2 Heilsugæsla

Merkið vísar á heilsugæslu sem er aðeins opin hluta sólarhrings á virkum dögum.

760.3 Lyfjaverslun

Merkið er notað til að vísa á lyfjaverslun

760.4 Lögregla

Merkið er notað til að vísa á lögreglustöð.

760.5 Neyðarsími eða talstöð

Merkið vísar á neyðarsíma eða neyðartalstöð. Notkun símans eða talstöðvarinnar er ekki leyfileg nema í neyðartilvikum.

760.6 Slökkvitæki

Merkið vísar á slökkvitæki. Notkun tækisins er ekki leyfileg nema í neyðartilvikum.

760.7 Neyðarskýli

Merkið vísar á neyðarskýli. Notkun skýlisins er ekki leyfileg nema í neyðartilvikum. Neyðarskýli eru gjarnan sett upp þar sem langt er í byggð.

762 Þjónustumerki umferðar og samgangna

Merki þessi eru notuð ein og sér eða með öðrum vegvísam til að vísa á samgöngutengda þjónustu.

			
762.1 Miðbær	762.2 Útvarp	762.3 Bifreiðaverkstæði	762.4 Bensínstöð
			
762.5 Rafhleðslustöð	762.6 Flugvöllur	762.7 Bílferja	762.8 Vöruhöfn
			
762.9 Iðnaðarsvæði	762.10 Losun skólp tanka	762.11 Umferðarmiðstöð	

Frekari skilgreining á merkjum:

762.1 Miðbær

Merkið vísar á miðbæjarsvæði. Merkið má nota til að vísa á þjónustukjarna þéttbýla

762.2 Útvarp

Merkið er sett upp þar sem ökumenn ættu að skipta um bylgjulengd á FM-útvarpsviðtæki. Merkið sýnir á hvaða bylgjulengd viðkomandi útvarpsstöð heyrir best á því svæði sem framundan er.

762.3 Bifreiðaverkstæði

Merkið vísar á bifreiðaverkstæði. Gert er ráð fyrir að verkstæðið veiti þjónustu alla virka daga.

762.4 Bensínstöð

Merkið vísar á afgreiðslustað fyrir orku (eldsneyti).

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkið má nota þar sem meira en 60 km eru í næsta afgreiðslustað orku (eldsneytis).

Lengd að bensínstöð skal þá gefin upp á heilum tug á undirmerki 802.2  (hér 70 km) .

Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Heimilt er að merkja afgreiðslustaði orku (eldsneytis) innan þéttbýlis sé staðsetning ekki auðgreinanleg t.d. vegna hámarkshraða vegar eða annarra bygginga sem skyggja á.

762.5 Rafhleðslustöð

Merkið vísar á afgreiðslustað fyrir orku.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkið má nota þar sem meira en 60 km eru í næsta afgreiðslustað orku.

Lengd að rafhleðslustöð skal þá gefin upp á heilum tug á undirmerki 802.2  (hér 70 km) .

Vinnureglur um notkun innan þéttbýlis:

Heimilt er að merkja afgreiðslustaði orku innan þéttbýlis sé staðsetning ekki auðgreinanleg t.d. vegna hámarkshraða vegar eða annarra bygginga sem skyggja á.

762.6 Flugvöllur

Merkið vísar á leið að flugvelli. Æskilegt er að láta flugvélinu snúa í stefnu á flugvöllinn.

762.7 Bílferja

Merkið er notað til að vísa á ferju í áætlunarsiglingum. Brottfarartíma má taka fram með merkinu 650. Æskilegt er að láta ferjuna snúa í stefnu að ferjuhöfn.

Merkið má nota á merki 701, 703 og 713.

762.8 Vöruhöfn

Merkið vísar á hafnarsvæði fyrir vöruflutninga.

762.9 Iðnaðarsvæði

Merkið vísar á iðnaðarsvæði.

762.10 Losun skólp tanka

Merkið vísar á stað þar sem hægt er að losa skólp tanka bifreiða og hjólhýsa.

762.11 Umferðarmiðstöð

Merkið er notað til að vísa á hóp bifreið í áætlunarferðum.

764 Þjónustumerki fyrir upplýsingar og áhugaverða staði

Merki þessi eru notuð ein og sér eða með öðrum vegvísunum til að vísa á upplýsingar, áhugaverða staði, áningarstaði og útsýnisstaði.

			
764.1 Upplýsingar	764.2 Upplýsingaskrifstofa	764.3 Athyglisverður staður	764.4 Athyglisverður staður innanhúss
			
764.5 Áningarstaður	764.6 Útsýnisstaður	764.7 Gönguleið	

Frekari skilgreining á merkjum:

764.1 Upplýsingar

Merkið er notað til að vísa á stað þar sem ferðamönnum eru veittar upplýsingar með t.d. upplýsingatöflu. Merkið vísar einnig á stað þar sem ferðamönnum eru m.a. veittar svæðisbundnar upplýsingar um ferðaþjónustu.

764.2 Upplýsingaskrifstofa

Merkið er notað til að vísa á stað þar sem ferðamönnum eru veittar upplýsingar á skrifstofu.

764.3 Athyglisverður staður

Merkið er notað þar sem ástæða þykir til að benda vegfarendum á athyglisverða staði, aðra en þá sem eru merktir með sérstöku tákni.

Athyglisverðir staðir eru t.a.m. fornminjar, söfn, náttúrufyrirbæri og annað sem ástæða er til að vekja athygli ferðamanna á sérstaklega.

Merkið er oft notað á rauðum staðarvísi 713.3  en einnig á upplýsingatöflum og staðarvísunum.

Dæmi um notkun merkisins á 701 .

764.4 Athyglisverður staður innanhúss

Merkið er notað þar sem ástæða þykir til að benda vegfarendum á athyglisverða staði sem er að finna innanhúss og eru opnir almenningi, aðra en þá sem eru merktir með sérstöku tákni.

764.5 Áningarstaður

Merkið vísar á stærri áningarstað þar sem eru bifreiðastæði, borð og bekkir.

Æskilegt er að hefja vegvísun að áningarstað á undirmerki 802.2  a.m.k. 500 m fyrir framan áningarstað.

Leitast skal við að merkja áningarstaði sem eru innan við 1 km frá vegi sem vísað er frá með undirmerki 802.2  og tilheyrandi vísunarkerki 810 , , , , .

Þar sem ekið er út af vegi að áningarstað skal merkið staðsett sömu megin og áningarstaðurinn.

764.6 Útsýnisstaður

Merkið vísar á stað þaðan sem útsýni er gott. Merkið skal aðeins setja upp þar sem útskot er á vegi eða þar sem vegur liggur að útsýnisstað.

764.7 Gönguleið

Merkið vísar á upphaf gönguleiðar. Mælt er með að takmarka notkun merkisins við leiðir sem eru merktar í landinu, það er varðaðar eða stikaðar leiðir.

766 Þjónustumerki gistipjónustu

Merki þessi eru notuð ein og sér eða með öðrum vegvísum til að vísa á þjónustu tengda gistingu og gistaðstöðu.

			
766.1 Gisting	766.2 Tjaldstæði	766.3 Hjólhýsasvæði	766.4 Sæluhús
			
766.5 Orlofshúsaðverfi			

Frekari skilgreining á merkjum:**766.1 Gisting**

Merkið vísar á gistað þar sem boðið er upp á uppbúin rúm í herbergjum.

766.2 Tjaldstæði

Merkið er notað við viðurkennd tjaldsvæði.

766.3 Hjólhýsasvæði

Merkið er notað við viðurkennd hjólhýsasvæði

766.4 Sæluhús

Merkið vísar á sæluhús ferðafélaga þar sem að öllu jöfnu er krafist greiðslu fyrir notkun.

766.5 Orlofshúsaðverfi

Merkið vísar á þyrpingu orlofshúsa samtaka eða einstaklinga. Húsin eru almennt ekki boðin ferðafólki til leigu.

768 Þjónustumerki annarrar þjónustu

Merki þessi eru notuð ein og sér eða með öðrum vegvísam til að vísa á aðra nauðsynlega þjónustu.

			
768.11 Veitingahús	768.12 Veitingastofa	768.13 Kjörbúð	768.21 Almenningssalerni
			
768.31 Sundstaður	768.32 Skíðasvæði	768.33 Golf	768.34 Íþróttasvæði
			
768.35 Íþróttahús	768.41 Kirkja	768.42 Kirkjugarður	768.51 Pósthús

Frekari skilgreining á merkjum:

768.11 Veitingahús

Merkið vísar á veitingahús þar sem framreiddir eru heitir réttir.

Gert er ráð fyrir að veitingahúsið veiti þjónustu alla daga á hefðbundnum opnunartíma fyrir slíkan rekstur. Ef um annan opnunartíma er að ræða skal geta þess á sérstakri upplýsingatöflu.

768.12 Veitingastofa

Merkið vísar á veitingastofu þar sem ekki eru framreiddir heitir réttir.

Gert er ráð fyrir að veitingastofan veiti þjónustu alla daga á hefðbundnum opnunartíma fyrir slíkan rekstur. Ef um annan opnunartíma er að ræða skal geta þess á sérstakri upplýsingatöflu.

768.13 Kjörbúð

Merkið vísar á matvöruverslun þar sem boðið er upp á allar almennar neysluvörur.

Gert er ráð fyrir að rekstraraðili kjörbúðar veiti þjónustu á venjulegum opnunartíma verslana.

768.21 Almenningssalerni

Merkið vísar á stað þar sem er almenningssalerni.

768.31 Sundstaður

Merkið vísar á sundstað. Geta má þess hvenær opið er á upplýsingatöflu.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkið má nota til að vísa á sundlaug og strönd þar sem hægt er að stunda sjóböð.

768.32 Skíðasvæði

Merkið vísar á skíðasvæði. Hér er vísað á t.d. togbraut, skíðalyftu, göngusvæði o. fl.

768.33 Golf

Merkið vísar á golfvöll.

768.34 Íþróttasvæði

Merkið vísar á íþróttasvæði.

768.35 Íþróttahús

Merkið vísar á íþróttahús.

Vinnureglur um notkun utan þéttbýlis:

Merkið má nota til að vísa á íþróttahús / íþróttamiðstöð þar sem fram fer skipulögð starfsemi.

768.41 Kirkja

Merkið vísar á kirkju.

768.42 Kirkjugarður

Merkið vísar á kirkjugarð.

768.51 Pósthús

Merkið vísar á pósthús.